

## L Ö G

54

7. maí

um breyting á lögum nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagasamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.

## 2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Áki Jakobsson.*

## L Ö G

55

7. maí

um breytingar á lögum nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941,  
um iðnlánasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „65000 kr.“ í 1. gr. laga nr. 40/1941 komi: 300000 kr.

## 2. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 12/1935 bætist ný grein, er orðist svo:

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán, með útgáfu handhafavaxtabréfa eða á annan hátt, með samþykki ráðherra, og má hann jafnan skulda samtals allt að þreföldum höfuðstól þeim, er hann hefur á hverjum tíma. Lánin skulu tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

## 3. gr.

Síðari málslíður 4. gr. sömu laga („Lánin má ekki o. s. frv.) falli burt.

55

7. maí

4. gr.

5. gr. sömu laga orðist þannig:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

- a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lánsupphæðinni, hvaða vélar á að kaupa og kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setja niður og til hvers þær skuli nota.
- b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
- c. Upplýsingar um aldur, menntun, iðnréttindi og iðnstarfsaldur lánbeiðanda.
- d. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðurinn kann að óska eftir.

5. gr.

2.—3. málsl. 6. gr. sömu laga orðist svo: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur  $\frac{1}{5}$  — einum fimmta hluta — þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

6. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Lánstíminn er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust 2 fyrstu árin, en eftir það afborgist þau með jöfnum afborgunum. Atvinnumálaráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

7. gr.

9. gr. sömu laga breytist þannig, að á eftir orðinu „stjórn“ í síðasta málslíð komi: og rekstur.

8. gr.

11. gr. sömu laga falli burt, röð síðari greina breytist samkvæmt því.

9. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi 2., 5. og 6. gr. l. nr. 40 27. júní 1941.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 40 27. júní 1941 inn í lög nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

**(L. S.)**

*Emil Jónsson.*